

Gögn fyrir ársskýrslu bókasafna fyrir árið 2010
- Skýringar við árslokátölfræði -
1. Inngangur

Tölfræðin lýsir gögnum í bókasafnskerfinu Gegni. Landskerfi bókasafna býður upp á tvo flokka af tölfræði fyrir Gegni, mánaðarlega tölfræði og árslokátölfræði.

Mánaðarlega tölfræðin er dregin út í lok hvers mánuðar og birt á þjónustuvef allt árið um kring. Í lok árs er síðan unnin tölfræði úr Gegni sem tekur til alls undangengis árs. Hún er birt á þjónustuvef undir heitinu árslokátölfræði.

Ekki er hægt að framkvæma talningu með nákvæmlega sama hætti í árslokátölfræði og mánaðarlegri tölfræði, og því getur verið lítilsháttar munur á niðurstöðum á milli þessarra tveggja flokka. Samlagning tólf mánaða úr mánaðarlegri tölfræði gefur þannig ekki alveg sömu mynd og staða gagnagrunnsins í lok árs. Einnig eru skýrslurnar mismunandi í þessum tveim flokkum. Rétt er að benda á að skýrslurnar geta verið misáræðanlegar þar sem undirliggjandi gögn eru misvel skráð.

Lykilskýrslur byggjast á skyldusviðum sem eru nauðsynleg fyrir virkni kerfisins, eins og eintakastaða, lánþegastaða og efnistegund.

Lykilskýrslur eru eftirtaldar:

Eintök – E03-Eintakafjöldi eftir efnistegund og E06- Eintakafjöldi eftir eintakastöðu.

Titlar – E01-Heildarfjöldi titla.

Útlán og endurlán – U03- Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu og U05- Útlán og endurlán eftir eintakastöðu.

Lánþegar – L01-Lánþegar eftir lánþegastöðu.

Skýrslurnar fyrir Millireykjalán og Árborgarlán innihalda útlán safna í þessum tveimur hópum samstarfssafna flokkuð eftir póstnúmerum.

Yfirlitstafla sýnir samanburð heildartalna á árunum 2006 til 2010:

Heildartölur - Samanburður ára				
Ár	Titlar	Eintök	Lánþegar	Útlán
2010	980.404	4.881.988	194.083	3.754.263
2009	947.823	4.646.587	179.930	3.720.883
2008	910.886	4.376.850	168.029	3.367.516
2007	866.896	4.082.247	159.372	3.004.612
2006	827.034	3.969.925	150.965	2.903.687

Talning titla er tvíþætt. Annars vegar er heildarfjöldi titla í Gegni og hins vegar titlar sem tengjast eintökum á safni.

Fjöldi titla á safni er einungis titlar sem tengjast eintökum viðkomandi safns.

Heildarfjöldi titla í Gegni telur alla titla hvort sem þeir tengjast eintökum eða ekki, þar með talið greinifærslur og rafrænt efni. Heildarfjöldi titla í árslok 2010 er 980.404 titlar, aukningin er 32.581 titlar eða bókfræðifærslur fyrir árið 2010. Hinsvegar ef litið er á fjölda nýskráðra titla árið 2010 þá er aukningin 40.854 titlar. Talning titla í Gegni byggist á fjölda bókfræðifærslna að frádregnum eyddum og sameinuðum færslum. Mismunurinn er 8.273 færslur.

Fjöldi eintaka er fjöldi strikamerkja í Gegni.

Skilgreining **virkra lánþega** er að lánþegi sé með virkt lánþegaskírteini í árslok 2010. Það fer allt eftir verkferlum í hverju safni hversu stíft er talið. Dæmi er um að í skólasöfnum sé lánþegaskírteini virkjað fyrir áætlaða skólasetu nemanda, 10 ár fram í tímann, en almenningsbókasöfn virkja skírteini að jafnaði 1 ár fram í tímann. Fjöldi lánþega er samanlagður fjöldi virkra lánþega á hverju bókasafni og þar af leiðandi getur hver einstaklingur verið margtalinn.

Útlán er heildarfjöldi útlána á öllum aðildarsöfnum Gegnis.

2. Skýrslurnar

Skýrslur um tölfræði Gegnis vegna ársins 2010 er að finna á [þjónustuvef Landskerfis bókasafna](#). Til þess að skoða skýrslurnar þarf notandi að velja réttan safnahóp.

1. Veldu safnahóp

Stjórnunareining
(safnahópur):

ICE50 - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og Landspítali	▼
ICE50 - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og Landspítali	
ICE51 - Háskólar (aðrir en Háskóli Íslands)	
ICE52 - Menntavísindasvið Háskóla Íslands	
ICE53 - Almenningsbókasöfn og framhaldsskólar, höfuðborgarsvæði	
ICE55 - Grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu	
ICE56 - Sérfræðisöfn	
ICE57 - Stjórnsýslusöfn	
ICE59 - Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök	
AUS50 - Austurland	
NOR50 - Norðurland	
SUD50 - Suðurland og Reykjanes	
VES50 - Vesturland og Vestfirðir	

Þegar valinn hefur verið safnahópur hefur notandi val um ýmsar skýrslur í þremur mismunandi flokkum, “Eintök og titlar”, “Útlán” og “Lánþegar”.

2. Veldu tegund skýrslu

Eintök og titlar:

Útlán:

Lánþegar:

Í athugasemdum sem á eftir koma er vísað í einstakar skýrslur.

i) Eintök og titlar (skýrslur E01-E14)

Heildarfjöldi titla - E01
Heildarfjöldi eintaka - E02
Eintakafjöldi eftir efnistegund - E03
Eintakafjöldi eftir flokkstölu - E04
Eintakafjöldi eftir safndeild - E05
Eintakafjöldi eftir eintakastöðu - E06
Eintakafjöldi eftir ferilstöðu - E07
Eintakafjöldi eftir útgáfuári - E11
Eintakafj. bóka e. bókmenntaformi - E12
Fjöldi nýskráðra eintaka e. mánuði - E08
Fjöldi nýskráðra eintaka e. efnist - E15
Fjöldi afskráðra eintaka eftir efnistegund - E09
Fjöldi afskráðra eintaka eftir safndeild - E10
Fjöldi nýskráðra titla eftir mánuði - E13
Fjöldi titla eftir útgáfuári - E14

Skýrsla E04: Eintakafjöldi eftir flokkstölu

Eintökín eru talin eftir fyrsta tölustaf eða bókstaf í staðsetningarsviði en ekki eftir hverri einustu flokkstölu.

Skýrsla E14: Fjöldi titla eftir útgáfuári

Taldir eru allir titlar sem hafa tengd eintök, óháð efnistegund. Tímarit sem eingöngu hafa forðafærslur eru ekki talin með.

ii) Útlán (skýrslur U01-U11)

Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu - U03
Útlán og endurlán eftir mánuði - U04
Útlán og endurlán eftir eintakastöðu - U05
Útlán og endurlán eftir fæðingarátug - U06
Útlán og endurlán eftir lánþegategund - U07
Útlán og endurlán eftir póstnúmeri lánþega - U08
Útlán og endurlán eftir efnistegund eintaks - U09
Útlán og endurlán eftir mánuði og klukkustund - U10
Útlán og endurlán eftir klukkustund - U11
Útlánaaðgerðir eftir aðgerðarkóða - U01
Útlánaaðgerðir eftir aðgerðarkóða og lánþegastöðu - U02

Skýrslur U01 og U02: Útlánaaðgerðir eftir aðgerðarkóðum

Í þessum skýrslum er að finna ýmsa tölfræði umfram útlán, t.d. skil, frátektaþeirið og fleira.

Skýrslur U03 – U11: Útlán og endurlán

Hér eru aðeins unnið með þá aðgerðarkóða sem eru skilgreindir sem útlán, þar með talin millisafnalán (aðgerðarkóðar 50-57, 62, 63, 64). Samtala útlána er birt fyrir hvert safn.

Skýrsla U06: Útlán og endurlán eftir fæðingarátug

Skýrslan gefur vísbandingu um útlán og endurlán eftir fæðingarátug lánþega. Eins og skýrsla L03 (Lánþegar eftir fæðingarátug) gefur þessi skýrsla ekki nákvæma mynd af útlánunum. Vinsamlegast notið U03 – Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu til að fá áreiðanlegustu mynd af fjölda útlána og endurlána.

Skýrsla U08: Útlán og endurlán eftir póstnúmeri lánþega

Talningin tekur mið af skráðu lögheimili lánþega en ekki aðsetri og eru aðeins þeir lánþegar sem hafa skráð lögheimili taldir með (Teg. heimilisfangs=01). Hafi lánþegi hins vegar tvö skráð lögheimili er hann talinn tvisvar. Skýrslan gefur vísbandingu um það hvar einstaklingar og fyrirtæki sem fá lánað hjá safni eiga lögheimili. Misræmi í þessari skýrslu stafar af því að mögulegt er að skrá fleiri en eitt lögheimili hjá hverjum lánþega. Vinsamlegast notið U03 – Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu til að fá áreiðanlegustu mynd af fjölda útlána og endurlána.

iii) Lánþegar (L01 – L05)

Lánþegar eftir lánþegastöðu - L01
Lánþegar eftir lánþegategund - L02
Lánþegar eftir fæðingarárátug - L03
Nýir lánþegar eftir lánþegategund - L04
Lánþegar eftir póstnúmeri - L05

Skilgreining **virkra lánþega** er að lánþegi sé með virkt lánþegaskírteini í árslok 2010. Talning tekur mið af þeim lánþegum sem voru með gild skírteini þegar talning fór fram. Dagsetning talningar kemur fram í skýrslunni.

Skýrsla L03: Lánþegar eftir fæðingarárátug

Skýrslan gefur vísbendingu um fjölda lánþega með gild skírteini í safni. Þessi skýrsla er ekki áreiðanleg um fjölda lánþega en ágætis vísbending. Vinsamlegast notið L01 – Fjöldi lánþega eftir lánþegastöðu, til að fá áreiðanlegustu mynd af fjölda lánþega.

Skýrsla L05: Lánþegar eftir póstnúmeri lögheimilis

Miðað er við lögheimili en ekki aðsetur og eru aðeins þeir lánþegar sem hafa skráð lögheimili taldir með. Hafi lánþegi hins vegar tvö skráð lögheimili er hann talinn tvisvar.